

bann sé ólögmæt vinnustöðvun og brot á II. kafla laga nr. 80/1938. Ég tel rétt að málskostnaður verði látinn falla niður.

D ó m s o r ð:

Framangreint helgarvinnubann er brot á II. kafla laga nr. 80/1938.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 16. febrúar 1982.

Nr. 9/1981. **Vinnuveitendasamband Íslands f.h.**
Landssambands íslenskra útvegsmanna

(Jónas Haraldsson hdl.)

gegn

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands

(Hjalti Steinþórsson hdl.)

Deilt um ákvæði kjarasamnings. Sératkvæði.

Dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. febrúar 1982, var höfðað með stefnu 6. nóvember 1981.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

1. að dæmt verði að eftirfarandi samningsákvæði í kjarasamningi stefnanda og stefnda, dags. 1. mars 1976, sbr. viðauka 9. júlí 1977 og 20. ágúst 1979, séu enn í gildi milli aðila:

19. gr. 5. mgr.: Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.

12. gr. 5. mgr. (sildveiðisamnings):

Skipstjórum og stýrimönnum skal þó skylt að annast gæslu skipsins í fríum þessum, útgerðinni að kostnaðarlausu.

2. að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar.

3. að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað.

Dómkröfur stefnda eru nú þessar:

1. að stefndi verði sýknaður af dómkröfum stefnanda.

2. að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Í stefnu hafði stefnandi auk þessa uppi dómkröfu er varðaði 1. mgr. 23. gr. kjarasamnings 1. mars 1976. Stefndi lýsti því yfir undir rekstri málsins að kröfulið þessum væri ekki mótmælt, og stefnandi lét hans ekki getið er hann gerði dómkröfur við munnlegan flutning.

Í greinargerð sinni hafði stefndi uppi gagnkröfur varðandi viss atriði er hann taldi vera gild kjarasamningsákvæði aðilanna á milli. Hann krafðist og sektar á hendur stefnanda. Þegar er gagnkröfur þessar komu fram var því lýst yfir af stefnanda hálfu að þær væru viðurkenndar, og bar þær ekki á góma í málinu eftir það, né heldur þá dómkröfu að stefnanda yrði dæmd sek.

Þannig eru nú aðeins tvö atriði, sem aðilum ber á milli, þ.e. 19. gr. 5. mgr. svo og 12. gr. 5. mgr. sildveiðisamnings.

Í máli þessu hefur komið fram kjarasamningur sem gerður var 1. mars 1976 milli Landssambands íslenskra útvegsmanna fyrir hönd tíu útvegsmannafélaga annars vegar og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjö félaga skipstjórnamanna hins vegar. Í 19. gr. 5. mgr. þess samnings segir svo: „Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi, hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.“

Einnig liggur fyrir samningur sem sömu aðilar gerðu sama dag um kjör á skipum sem gerð eru út til loðnu- og sildveiða. 12. gr. 5. mgr. þess samnings hljóðar svo: „Skipstjórum og stýrimönnum skal þó skylt að annast gæslu skipsins í fríum þessum, útgerðinni að kostnaðarlausu.“

Við kjarasamninga sem sömu aðilar gerðu hinn 9. júlí 1977 og 20. ágúst 1979 urðu ekki breytingar á þessum ákvæðum.

Hinn 25. febrúar 1981 gerðu LÍÚ vegna 10 útvegsmannafélaga og FFSÍ og sex félög vélstjóra og skipstjórnamanna nýjan samning. Samningur þessi hefst á þá leið, að bátakjarasamningur dags. 9.

júlí 1977, sbr. prentaðan kjarasamning aðila, framlengist með þeim breytingum sem í samningnum greini. Samningur þessi er í 13. greinum, sem reyndar eru ekki tölusettar í áframhaldandi röð, heldur sem hér segir: 1, 2, 3, 4, 21, 22, 23, 24, 24 (þ.e. tvær greinar númeraðar eins), 26, 30, 35, og 40 gr. Auk þess fylgir samningnum sérstakt samkomulag um iðgjaldagreiðslur.

Þegar samningur þessi er athugaður kemur í ljós að hann snertir atriði sem um er fjallað í báðum eldri samningunum, en er tengdur þeim með óljósum hætti að því leyti að ekki er sagt berum orðum hvaða ákvæðum fyrri samninga sé breytt né hver felld séu úr gildi. Einungis ein grein nýja samningsins byrjar með skírskotun til greinar í eldri samningi, þannig: „6. mgr. 23. gr. hljóðar svo:“ Að öðru leyti verður að ráða það af efni greinanna, hvaða ákvæði fyrri samninga eigi að taka breytingum, og rísa við það mörg vafaatriði. Í máli þessu hafa verið lagðar fram tvær útgáfur af heildarsamningum, eins og þeir eru taldir vera að loknum samningnum 25. febr. 1981. Er önnur gerð að tilhlutan stefnanda en hin að tilhlutan stefnda. Útgáfur þessar eru mjög ólíkar að uppsetningu.

Í útgáfu stefnanda eru tekin upp þau ákvæði, sem málið er risið af. Ákvæðið, sem var 19. gr. 5. mgr., er þar 22. gr. 8. mgr. Hitt ákvæðið 12. gr. 5. mgr. sildveiðisamningsins 1976, er lokaákvæði 25. gr. í útgáfu þessari.

Í útgáfu stefnda er ákvæðið úr 19. gr. 5. mgr. ekki að finna. Hins vegar er ákvæðið í 12. gr. 5. mgr. sildveiðisamnings í útgáfu stefnda í sérsamningsákvæðum um sildar- loðnu- og kolmunnaveiðar, 3.5 gr., en hljóðar þar svo: „Skipstjórum og stýrimönnum skal skylt að annast gæslu í fríum skv. S.L.3.3. og S.L.3.4.“.

Stefnandi skýrir svo frá að við umræður þær, er voru undanfari þess að kjarasamningur tókst þann 25. febrúar 1981, milli stefnanda annars vegar og hins vegar stefnda og Sjómannasambands Íslands, hafi síðastnefnd samtök sett fram þá kröfu að fjárhæð hýrudráttar miðaðist við kauptryggingu. En af hálfu stefnda hafi ekki komið fram kröfur varðandi ákvæðið en því hins vegar hreyft að ákvæðið stæðist ekki að lögum, og ætti það því að falla út úr samningum af sjálfu sér.

Strax að viðræðum loknum hafi verið gengið í það að setja samning stefnanda og Sjómannasambandsins upp til undirritunar og hafi

tiltekinn starfsmaður stefnanda og samningamaður af hans hálfu annast það verk í fullri samvinnu við fulltrúa Sjómannasambandsins. Hann hafi því ekki geta komið því við að fylgjast með uppsetningu kjarasamnings stefnanda og stefnda, en þessi uppsetning hafi verið unnin af stefnda, og hafi áður verið búið að samþykkja þá tilhögun að tekin yrðu út þau samningsatriði er aðeins vörðudu undirmenn.

Samningamenn stefnanda hafi síðan umsvifalaust undirritað kjarasamninginn, eins og stefndi hafði gengið frá honum, án samlestrar eða sérstakrar athugunar. Síðan hafi komið í ljós að margnefndum tveim ákvæðum hafi verið sleppt af sínum stöðum í samningnum. Þó hafi stefndi sett í sérútgáfu sína 12. gr. 5. mgr. síldveiðisamnings, en fellt niður orðin „útgerðinni að kostnaðarlausu“.

Þessum ágöllum hafi verið mótmælt við stefnda, sem hafi þó reynt ófáanlegur til að færa ákvæðin til réttis vegar.

Embætti ríkissáttasemjara hefur gefið yfirlýsingu til afnota í máli þessu, með samþykki málsaðila. Varðandi hýrudráttarákvæðið getur yfirlýsing þessi um bókun, sem gerð hafi verið af embættinu, og er á þessa leið: „Yfirmenn féllu frá kröfu í 8. gr. um greiðslu fyrir fyrirvaralaus brottför úr skipsrúmi, en undirmenn óskuðu eftir orðalagsbreytingu á málsgreinni“. (sic) — Heldur stefnandi því fram að bókun þessi sýni að hýrudráttarákvæði það, er verið hafði í kjarasamningum málsaðilja allt frá 1976, eigi að standa áfram sem gildandi ákvæði kjarasamnings. En hitt sé annað mál að stefndi hafi löngum viljað fá ákvæðið út úr samningum, en hafi ekki fengið því framgengt.

Varðandi síldveiðisamningaákvæðið sem um er deilt í málinu tekur stefnandi fram að það hafi ekki borið á góma í samningaviðræðum í a.m.k. heilan tug ára. Eigi það því að standa óbreytt í kjarasamningi, svo sem verið hafi, og sé í því sambandi að líta á nefnda yfirlýsingu ríkissáttasemjara, þar sem segi að ekki hafi verið settar fram tillögur eða lögð fram skjöl varðandi efni þessarar málsgreinar, né bókun gerð um viðræður lútandi að henni.

Í málsutlitun sinni segir stefndi að eftir undirritun kjarasamnings í febrúar 1981 hafi risið ágreiningur um uppsetningu og hafi hvor aðilja látið prenta samninginn með þeirri uppsetningu er honum þótti henta. Þessar sérútgáfur hafi ekki tekist sem best, og stefnandi

sem hafi haldið því fram að hans útgáfa sé í hefðbundnu formi, hafi raunar vikið frá því. Viðræður aðilanna um samræmingu hafi ekki leitt til árangurs.

Því er algerlega mótmælt að stefndi hafi í útgáfu sinni einhliða fellt niður kjarasamningsákvæði, sem þar hafi átt að vera, en þetta hafi hent stefnanda að því er hans útgáfu viðkomi.

Stefndi heldur því fram að hýrudráttarákvæðið í 19. gr. 5. mgr. kjarasamnings 1. mars 1976 með síðari viðaukum hafi fallið niður við samninginn 25. febrúar 1981. Ákvæði þetta hafi komist inn í samninga 1976 nánast fyrir vangá, og jafnan verið illa séð af félagsmönnum stefnda. Einnig heldur hann því fram að 12. gr. 5. mgr. sildveiðisamnings hafi tekið breytingum, sem greinir í hinum undirritaða samningi. Samninganefnd stefnanda hafi undirritað kjarasamninginn, svo búinn. Því er mótmælt að þeir er undirrituðu samninginn af stefnanda hálfu hafi verið beittir nokkrum svikum eða öðru misferli, enda hafi nægur tími verið til að gengið yrði úr skugga um efni þess, er undirrita skyldi. Bókanir, er ríkissáttasemjari hafi gert, breyti engu um afstöðu til þessara atriða.

Álit dómsins:

Áður hefur verið lýst tengslum samningsins 25. febr. 1981 við eldri samninga og að vafamál er hvaða ákvæði eldri samninga voru felld niður með þeim nýja.

22. gr. samningsins 25. febr. 1981 ber fyrirsögnina: „Um tryggingartímabil og uppsagnarfrest“, og er í átta tölulíðum, sem fjalla um efni, sem 19. gr. eldri samninga laut að, en sú grein bar fyrirsögnina: „Um tryggingartímabil o.fl.“ Eins og áður segir kemur 5. mgr. 19. gr. eldri samninga ekki fram í 22. gr. samningsins 1981, og þar er ekkert að því vikið hvernig fara skuli, ef skipverji hverfur fyrirvaralaust úr skiprúmi.

Dómurinn telur að eigi beri að líta svo á að 22. gr. nýja samningsins hafi fellt að öllu leyti úr gildi 19. gr. fyrri samnings, heldur breyti hún einungis þeim efnisatriðum greinarinnar sem hún fjallar um berum orðum. Verður að telja að átt hefði að taka það ótvírátt fram ef fella átti áðurnefnt ákvæði úr gildi. Bókun sú í yfirlýsingu ríkissáttasemjara, sem áður er vikið að þykir styrkja þessa niðurstöðu.

Önnur af greinum þeim sem tölusettar eru 24. gr. í samningnum 25. febrúar 1981 ber fyrirsögnina: „Um hafnarfrí á sildar- kol-

munna- og loðnuveiðum“. Grein þessi fjallar um efni sem voru í 12. gr. fyrri sildveiðisamnings, en hún hafði fyrirsögnina: „Hafnarfrí“. Eins og áður segir er í nefndri 24. gr. ekki að finna ákvæði um skyldu skipstjórnarmanna til þess að annast gæslu skips í fríum. Telja verður að ákvæði fyrri samninga um það hafi haldist, þar sem hvorki er í nýja samningnum kveðið á um breytingu á því né sagt að það skuli niður falla. Það bendir til þess að ekki hafi verið samið um niðurfellingu á ákvæðinu, að stefndi skuli hafa tekið það upp í gerð sína af heildarsamningnum eins og áður getur, en kjarasamningurinn 25. febr. 1981 ber það hvergi með sér að samið hafi verið um að breyta þeirri reglu að gæsla skips skyldi vera útgerðinni að kostnaðarlausu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka til greina kröfu stefnanda um samningsákvæði þau, sem greind eru í dómkröfum, haldi gildi með samningunum 25. febrúar 1981.

Engin efni eru til þess að taka til greina kröfu stefnanda um sekt á hendur stefnda, en krafa þessi hefur ekki verið rökstudd.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kváðu upp Halldór Þorbjörnsson, Björn Helgason og Gunnar Guðmundsson.

D ó m s o r ð:

Ákvæði 19. gr. 5. mgr. verðtíðarsamnings málsaðila og 12. gr. 5. mgr. sildar- og loðnuveiðisamnings þeirra, dagsettra 1. mars 1976, sbr. viðauka 9. júlí 1977 og 20. ágúst 1979, halda gildi sínu.

Sektakrafa stefnanda er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Þorsteins Thorarensen og Árna Guðjónssonar.

Þrátt fyrir það að samningur aðilanna, er þeir undirrituðu þann 25. febrúar 1981, hefjist á því að segja að samningur framlengist með eftirfarandi breytingum, verður að telja að 22. grein hans sé aðeins endursamning ákvæða 19. gr. kjarasamnings 1. mars 1976

með viðaukum með vissum takmörkuðum breytingum, þó þannig að margnefnt hýrudráttarákvæði er fellt niður. Efnisatriði þau, er 19. gr. fjallaði um, er hvergi að finna annarsstaðar en í 22. gr. samningsins frá 25. febrúar 1981. Þegar litið er á þessa samninga báða verður ekki betur séð en 22. gr. samningsins 25. febrúar 1981 hafi komið í stað 19. gr. samnings 1. mars 1976 með viðaukum 1977 og 1979 sem endanlega frágengið kjarasamningsákvæði.

Svipað verður uppi er 12. gr. síldveiðisamnings er aðgætt. Þau atriði er þar greindi eru nú endursamin í þeirri mynd er fram kemur í 24. gr. samnings 25. febrúar 1981, og koma hvergi annarsstaðar fram í þeim samningi, en sleppt er 5. mgr. 12. gr. um skyldu skipstjóra og stýrimanna til að annast gæslu skips í hafnarfríum, útgerðinni að kostnaðarlausu. Hér er þess þó að gæta að sérútgáfa stefnda hefur að geyma ákvæði um skyldu þessara skipstjórnarmanna til að annast gæslu skips, en getur þess ekki að rækt þeirrar skyldu skuli vera útgerðinni að kostnaðarlausu. En þetta atriði þykir ekki eiga að breyta þeirri niðurstöðu, að þau ákvæði 24. gr. samnings frá 25. febrúar 1981, sem fjalla um hafnarfrí, verði talin hafa komið í stað 12. gr. síldveiðisamnings 1. mars 1976 sem endanlegt kjarasamningsákvæði.

Með tilliti til þessa og annarra gagna málsins þykir stefnandi ekki hafa fært fram rök þess að dæma beri hin umdeildu tvö atriði í gildi, sem kjarasamningsákvæði milli aðila málsins.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður þykir þó eiga að falla niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands á að vera sýkn af dómkröfum stefnanda Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.